VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Sjávarútvegsnefnd efri deildar,
Stefán Guðmundsson, form.
Alþingi.

Alþingi
Erindi nr. Þ/112/759
komudagur 28/3 1990

27. mars 1990.

Verslunarráði Íslands hefur borist bréf nefndarinnar dags. 21. mars 1990 um beiðni um umsögn um frv. til laga um stjórn fiskveiða, 352. mál.

Í stefnuskrá Verslunarráðs Íslands er þannig fjallað um stjórn fiskveiða:

"Skipan eignarréttar eða nýtingarréttar á fiskimiðunum umhverfis landið hefur mikil áhrif á rekstrarskilyrði í sjávarútvegi. Til skamms tíma var þessi réttur ekki skilgreindur og síaukin sóknargeta flotans ógnaði þá tilveru fiskistofnanna.

Nauðsynlegt er að ráða til frambúðar skipan eignarréttar eða nýtingarréttar á fiskimiðunum. Farsælast er að rétturinn verði sjálfstæður einkaeignarréttur og viðskipti með þennan rétt eiga að vera sem kvaðaminnst."

Í meginatriðum er eignarrétti eða nýtingarrétti í frv. skipað í samræmi við sjónarmið Verslunarráðs. Þó má benda á að rétturinn samkvæmt frv. er bundinn við skip en er ekki algjörlega sjálfstæður.

Virðingarfyllst
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Vilhjálmur Egilsson


| Póstfang | Sími | Telex | Telefax | Símskeyti | Nafnnúmer |
|---|---|---|---|---|---|
| Address | Telephone | Telex | Telefax | Telegram | Registr. no. |
| Hús verslunarinnar<br>ÍS - 103 Reykjavík<br>Iceland | 354-1-83088 | 2316<br>Chambr is | 354-1-686564<br>Iceland Chamber | Chamber | 9173-4486 |